

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Akureyri, 3.5.2023
UST202301-271/G.S.Á.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30.03.2023 – Atlantsolía ehf. Hafnarfirði

Þann 30. mars sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Atlantsolíu, Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og verður því lokið í maí 2023.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða prófanir á aðvörunarbúnaði í olíuskilju, slit á malbiki í lekaþró og að uppfæra þurfi öryggisblöð í stöðvarhúsi.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar skv. þeim lista er fram kemur í gr 4.1 í starfsleyfi. Skráningum er ábótavant. Upplýsingar vantar á mánaðablöð, sem og í rekstrarhandbók og skráningar um viðhald og mælingar eru ekki reglulegar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. maí 2023.

Virðingarfyllt

G. Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur